

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2007



SANTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit yfir starfið 2007	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingar	
2.2 Fyrirtæki	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2007	9
4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2007	13
5. Verkefnaáætlun 2008	14
6. Fjárhagur Starfsafls 2007	15
6.1 Rekstur 2007 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2008	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2007

Umhverfi Starfsafls tók töluverðum breytingum árið 2007 bæði hvað snertir fjármögnun, mannahald og verkefni. Í hnotskurn þá varð starfsmenntaiðgjald burðarás tekna, stöðugildi skrifstofu jukust um 0,6 og nýjum verkefnum fjölgaði stórlega samtímis sem verkefnaáherslur breyttust vegna minni styrkja Starfsafls til íslenskukennslu fyrirtækja.

Árið 2007 var síðasta árið sem sérstakra framlaga Atvinnuleysistryggingasjóðs naut við. Starfsmenntaiðgjald, sem er hluti launatengdra gjalda, hækkaði á árinu úr 0,05% í 0,15% af launum félagsmanna til að mæta þessum fyrirsjáanlega tekjumissi. Frá og með árinu 2008 nýtur Starfafl engra ríkisframlaga heldur er eingöngu fjármagnað af aðilum vinnumarkaðarins.

Þær breytingar urðu á starfsmannahaldi að Valdís Anna Steingrímsdóttir var ráðin í starf verkefnisstjóra Starfsafls og hóf hún störf um miðjan júní 2007. Með því jókst starfshlutfall starfsmanna úr 1,0 í 1,6. Til viðbótar sinnir Valdís einnig starfi fyrir ýmsa fræðslusjóði sem Efling stéttarfélag á aðild að í 40% starfshlutfalli og greiða þeir sjóðir fyrir þá vinnu. Mikill fengur var að fá Valdísi til starfa og starf Starfsafls varð mun öflugra.

Styrkumsóknum til Starfsafls fjölgaði á liðnu ári, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum. Einstaklingsstyrkir árið 2007 voru 1.232 og fjölgaði um 15% frá árinu 2006. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 67% frá árinu 2006 þrátt fyrir minni styrki Starfsafls til íslenskunáms í kjölfar aukinnar þátttöku ríkisins við þennan málaflökk. Ástæða er til að fagna þessari þróun því það bendir til að fjármagn Starfsafls nýtist fleiri fyrirtækjum og starfsmönnum. En betur má ef duga skal. Það hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna fyrirtækjastyrki úti í atvinnulífinu með margs konar aðgerðum og verður lögð áhersla á þennan þátt í starfi Starfsafls áfram.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu sem og öllum starfsmönnum eigenda Starfsafls og fulltrúum og starfsmönnum fyrirtækja sem Starfsafl hefur átt samskipti við á liðnu ári.

Reykjavík, í maí 2007,

Sveinn Aðalsteinsson
forstöðumaður

2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er styrkja að fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun í fyrirtækjum þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Starfsmaðurinn öðlast þar með aukna færni og fyrirtækið eykur framlegð sína.

Starfsafl sinnti miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2007. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir. Þessar heimsóknir skiluðu töluverðum árangri og verður áfram lögð sérstök áhersla á þær á næstu árum.

2.1. Einstaklingsstyrkir

Á árinu 2007 voru veittir alls 1233 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Það er um 15% aukning á fjölda miðað við 2006. Fé til þessara styrkja minnkaði þó örlítið, frá 32,3 m.kr. árið 2006 til 31,7 m.kr árið 2007 eða um tæplega 2%, þrátt fyrir 15% fjölgun styrkja (Tafla 1). Skýrist það einkum af auknu framlagi ríkisvaldsins til íslenskunáms sem fól í sér stórlækkaðan kostnað nemenda. Það leiddi aftur til mikillar aukningar fjölda nemenda í íslenskukennslu og þar með til fleiri styrkumsókna til Starfsafls vegna íslenskukennslu. Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 54%. Upphæð hvers styrks lækkaði hins vegar mikið, vegna niðurgreiddra námskeiða, eða að jafnaði úr tæplega 19 þús. kr. í tæplega 14 þús. kr. pr. nemenda eða um 37% lægri upphæð.


Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2006 og 2007.

	2006	2007	% breyting frá 2006
Fjöldi styrkja alls	1.075	1.233	+15%
Upphæð styrkja alls	32,3 m.kr	31,7 m.kr	-2%
Meðalupphæð styrks	30.126 kr	25.682 kr	-15%
Fjöldi íslenskustyrkja	338	519	+54%
Upphæð íslenskustyrkja alls	6,3 m.kr	7,1 m.kr	+13%
Meðalupphæð íslenskustyrks	18.645 kr	13.615 kr	-37%

Að auki voru greiðslur Starfsafls vegna einstaklingsstyrkja félagsmanna í Hlíf leiðréttar fyrir árin 2004-2006 og nam sá kostnaður um 2,1 m.kr sem bókfærðist á einstaklingsstyrki fyrir árið 2007 í ársreikningum.


Hámarks styrkupp hækkandi úr 44.000 kr í 50.000 kr í janúar 2007 en aldrei meira en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða.

Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki 2007



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2007 og dreifing á nám.

Hlutfallslegur kostnaður við einstaklingsstyrki 2007



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árið 2007 á nám.


Það kemur fram á myndum 1 og 2 að hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 7% af heildarfjölda umsókna árið 2007 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 22%. Þetta er ein af fjölmörgum vísbendingum um þensluna á byggingar- og verktakageiranum á félagssvæði Starfsafls.

Eins og á árinu 2006 fór tiltölulega lítill hluti fjár árið 2007 í ýmist sérhæft nám sem kennt er samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eins og t.d. nám til leiðréttingar lesblindu (Aftur í nám og Grunnmenntaskólinn). Vegna sérstakra viðbótarfjármuna ríkisins, sem tryggt var með kjarasamningum, færðist meginþungi greiðslna vegna þessa náms frá fræðslusjóðum atvinnulífsins yfir á Fræðslumiðstöðina. Ljóst er að þetta nýja fyrirkomulag gefur Starfsafla aukið svigrúm til nýrra verkefna.

Einnig er ljóst að með áframhaldandi fjárveitingum ríkisvaldsins til íslenskukennslu mun svigrúm Starfsafls aukast enn frekar til nýrra verkefna.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls voru bárust 47 fyrirtækjaumsóknir til Starfsafls á árinu 2007 sem er um 67% aukning miðað við 2006. Greiddir voru út 44 styrkir til fyrirtækja að upphæð um 9,3 m.kr. sem er um 175% aukning miðað við 2006 (Tafla 2). Þess ber að geta að hluti af þessum styrkjum voru greiðslur vegna loforða sem veitt voru árið 2006, aðallega til íslenskukennslu. Að auki voru greiddar um 1,0 m.kr. til félagslegrar fræðslu stéttarfélaga Starfsafls og 615 þ.kr. í þarfagreiningar vegna nýrra námsleiða. Þá kom til greiðslu kostnaður vegna námsleiða í Leonardo TAG verkefninu en greiðslur fyrir það verkefni bárust Starfsafla árið 2006. Alls voru greiddir út verkefnastyrkir upp á 12,1 m.kr árið 2006 miðað við 6,0 m.kr árið 2007. Meðalupphæð styrkja til íslenskukennslu fyrirtækja, sem sótt var um 2007 og greitt út þá, lækkaði en ríkisvaldið styrkti það nám verulega á árinu 2007. Sé það tekið með í reikninginn er ljóst að Starfsafl hefur náð verulegum árangri í að koma styrkjum til starfsmenntunar fyrirtækja á árinu 2007. En betur má ef duga skal.




Frá heimsókn til Samskipa ehf., Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri, sýnir aðstöðu starfsmanna en aðbúnaður starfsmanna Samskipa til fræðslu og æfinga er til mikillar fyrirmyndar.

Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2006 og 2007.


	2006	2007	% breyting frá 2006
Fjöldi styrkja alls	16	44	+175%
Upphæð styrkja alls	3,1 m.kr	9,3 m.kr	+202%
Meðalupphæð styrks	191.373 kr	210.399 kr	+10%
Fjöldi íslenskustyrkja	7	14	+100%
Upphæð íslenskustyrkja alls	1,7 m.kr	3,9 m.kr	+122%
Meðalupphæð íslenskustyrks	250.613 kr	279.179 kr	+11%
Meðalupphæð ísl.styrk v 2007		101.670 kr	-60%
Meðalupphæð annarra styrkja	145.297 kr	178.302 kr	+22%

Fjöldi greiddra styrkja og hlutfallslegur kostnaður við styrki 2007



Mynd 3. Hlutfallslegur fjöldi og kostnaður við greidda styrki til fyrirtækja árið 2007.

Styrkloforð greidd á árinu 2007 frá fyrri árum



Mynd 4. Styrkloforð greidd á árinu 2007 og frá fyrri árum.



Frá heimsókn Starfsafls í Myllan-Brauð þar sem einstaklingsstyrkir voru kynntir og rætt við starfsfólk, starfsmannastjóra og verkstjóra.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2007.

Verkefni	Umsækjandi	Samstarfsaðilar
Dyravarðanám	Dyravörður ehf	Meton hf
Styrkur til menntaráðst.	Sýni ehf	VST
Tölvunám	Ísl.bleikj/Samherji	Maritech
Hreinlætisnámskeið	Júbó samlokur	Sýni
Skyndihjálp	MyllanBrauð	Rauði krossinn
Íslenska	Ístak	Alþjóðahúsið
Dyravarðanám	Glaumbar	Öryggisskólinn
Skyndihjálp	Einingaverksmiðjan	Rauði krossinn
Íslenska	Ferskar kjötvörur	Alþjóðahúsið
Líkamsbeiting	Vífilfell	InPro
Íslenska	Vífilfell	Alþjóðahúsið
Undirbúningur f. námsferð	MS	Efling
Enskunámskeið	MS	Mímir
Íslenska	Magnús og Steingrímur ehf.	Alþjóðahúsið
Íslenska	Sveinbjörn Sigurðsson ehf.	Mímir
Skyndihjálp	Öryggismiðstöðin	Rauði krossinn
Íslenska	MyllanBrauð	Alþjóðahúsið
Verslunarnám	Olís	Bifröst
Ýmis námskeið	Kaffitár	MSS
Þarfagreining	Matarlyst ehf	MSS
Ýmis námskeið	Matarlyst/Skólamatur ehf	MSS
Íslenska	Múr og málningarþjónustan	Ísl.kennsla AFH
Íslenska	Matfugl	Alþjóðahúsið
Áliðjunám	Hlíf v/ Alcan st.m.	Alcan/Reyðarál
Íslenska	Múrhamar sf	KSH íslenskukennsla
Íslenska	FramFoods	KSH íslenskukennsla
Áliðjunám	Hlíf v/ Alcan st.m.	Alcan/Reyðarál
Vinnuvélanám	Háfell	Ýmsir
Tilraunaverkefni ferðaþj.	Mímir SAF/SGS	Mímir SGS SAF
Aðlögun víetnama	Mímir	Mímir
Áliðjunám	Hlíf v/Alcan st.m	Alcan/Reyðarál
Vinnuverndarnám	Málning hf.	VST
Íslenska	Nói-Síríus hf.	Alþjóðahúsið
Hreinlætisnámskeið	Nói-Síríus hf.	Sýni
Íslenska	RadisonSAS 1919	Alþjóðahúsið
Nýliðaþjálfun	ÍAV	Minerva
Nýliðaþjálfun	Öryggismiðst.	Attendus
Nýliðaþjálfun	Skólamatur ehf.	Minerva
Nýliðaþjálfun	Vífilfell hf.	Minerva
Styrkur til menntaráðst.	SAF dagur menntunar	Ýmsir

Það er alveg ljóst að styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn alltof lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Það vantar einfaldlega umsóknir frá fyrirtækjum. Það þýðir að leggja verður áfram sérstaka áherslu á kynningarstarf til fyrirtækja á næstu árum, eins og gerð er grein fyrir í verkefnaáætlun fyrir Starfsafl síðar í þessari skýrslu.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2007.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 16 stjórnarfundir á árinu 2007. Í stjórn sátu:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefningaraðili</i>	<i>Annað</i>
Ingi Bogi Bogason Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	Stjórnarformaður til 16. ágúst, gekk þá úr stjórn. Frá 16. ágúst
Gissur Pétursson	Samtök atvinnulífsins	
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Stjórnarformaður frá 16. ágúst.
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Kynningarstarf

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Þessi háttur mæltist mjög vel fyrir og verður haldið áfram á sömu braut eftirleidis, eftir því sem kostur er. Fréttir af þessum heimsóknnum voru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna. Einnig var farið reglulega í heimsóknir í fyrirtæki í Keflavík og nágrenni með starfsmönnum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS).

Önnur kynningarstarfssemi

Framkvæmdastjóri hefur skrifað nokkrar greinar í félagsblöð félaga Flóabandalagsins og hitt stjórnir ýmissa samtaka og félaga innan eigendahóps Starfsafls.

Dæmi um fréttir á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is

JT veitingar á Hótel Loftleiðum heimsótt

Stjórn og starfsmenn Starfsafls heimsóttu í gær JT veitingar ehf sem sér um veitingarekstur á Hótel Loftleiðum. Trausti Víglundsson tók á móti Starfsafl og sýndi þeim starfsemi fyrirtækisins.

[Hótel Loftleiðir](#) tilheyrir [Icelandair Hotels](#) keðjunni sem hefur mörg glæsileg hótél innan sinna vébanda. Hótel Loftleiðir hefur markað sér sess sem fyrsta flokks ráðstefnuhótel og þeir eru ófáir fundirnir, veislurnar og ráðstefnunar sem þar hafa verið haldin. Hóтелиð tekur um 4-500 manns á ráðstefnu og í gistingu. Hóтелиð er einnig vinsæll áningarstaður ferðamanna á sumrin og landsbyggðarfólks allt árið en það býður upp á 220 herbergi af ýmsum gerðum og verðflokkum. Hóтелиð er eina hóтелиð á Reykjavíkursvæðinu sem hefur sundlaug fyrir gesti sína. Hlaðborð hótelsins, í umsjón JT-veitinga, eru landsþekkt fyrir gæði og frumleika t.d. jólahlaðborðin.

JT veitingar sjá um allar veitingar á Hótel Loftleiðum. Trausti Víglundsson, annar eigenda fyrirtækisins, sagði frá starfsemi fyrirtækisins en það hefur um 70 starfsmenn á sínum snærum, þar af um 20-30 útlendinga. Trausti sýndi stjórn og starfsmönnum Starfsafls alla króka og kima veitingarekstursins en þar er að finna m.a. fullkomið bakarí sem er starfrækt á hótelinu. Stjórn og starfsmenn Starfsafls kynntu starfsemi Starfsafls og þá þjónustu sem stendur fyrirtækjum til boða í sambandi við starfsmenntun fyrir félagsmenn Flóabandalagsins.

Starfsafll þakkar Trausta og starfsfólki JT veitinga fyrir frábærar móttökur og mjög skemmtilega heimsókn.



Trausti Víglundsson, JT-veitingum og Atli Lýðsson, stjórnarformaður Starfsafls.

Þróun nýrra námsleiða

Öryggisverðir

Starfsafl, Efling, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar fengu styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að þróa nýtt nám fyrir öryggisverði. Í verkefnisstjórn voru einnig fulltrúar frá öryggisfyrirtækjum, ríkislögreglustjóra, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Mími símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem tók að sér þarfagreiningu og námskrárgerð í samvinnu við hópinn. Hafist var handa við þarfagreiningu í apríl og lauk henni í júní og tók þá við námskrárvinna sem lauk í lok árs 2007. Stefnt er að námið, 300 kennslustundir og metið til u.þ.b. 24 eininga, hefjist haustið 2008. Starfsafl setti upp lokaða heimasíðu sem var gagnabanki fyrir vinnuna með fundargerðum o.fl. gögnum. Mæltist sú nýbreytni vel fyrir. Mikil eftirspurn er eftir námi fyrir öryggisverði og verður ánægjulegt að sjá námið komast á laggirnar 2008.

Þjónustuliðar

Undirbúningur hélt einnig áfram fyrir nám fyrir þjónustuliða og verður leitað leiða til að aðlaga slíkt nám, sem er til fyrir hinn opinbera geira, fyrir fyrirtæki á hinum almenna markaði. Efling – stéttarfélag hefur leitt starfið en Starfsafl kemur að fjármögnun undirbúnings. Gefin var út námskrá árið 2007 og er verið að koma upp námi samkvæmt henni.

Ferðaðþjónustunám

Starfsafl tók þátt í undirbúningi nýs náms í ferðaðþjónustu sem SAF og Starfsgreinasambandið höfðu forgöngu um að móta. Fjöldi aðila í starfsmenntageiranum tók einnig þátt í undirbúningi. Um er að ræða 60 stunda tilraunanámskeið þar sem fjallað verður um eðli og gildi ferðaðþjónustunnar, þjónustu, hlutverk á vinnumarkaði, hugmyndafræði og viðhorf, verkferla, samfélags- og staðarþekkingu og fleira. Ferðaðþjónustunámið var viðurkennt til 5 eininga á framhaldsskólastigi. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sá um námskrárgerð og nánari útfærslu námsins en Mímir og SímeY (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar) tóku námskrána til kennslu í vorið 2007. Unnið er að framhaldsverkefni og leitað leiða til að auka þátttöku í náminu.

Starfsmannaráðgjöf Starfsafls

Starfsafl, Efling, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar fengu styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að þróa nýja leið til auka veg menntunar og þjálfunar innan fyrirtækja á almenna markaðnum. Var einkum horft á nýliðaðþjálfun og fólst verkefnið í því að lána út mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, þeim að kostnaðarlausu sem fór yfir verkferla við nýliðamóttöku o.fl. Gert var ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi fyrirtækja í verkefninu. Þrjú fyrirtæki hófu þátttöku í verkefninu í lok ársins og mæltist það mjög vel fyrir. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru Minerva – fræðsla og ráðgjöf og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Sambærilegt verkefni fór í gang á landsbyggðinni undir umsjón Landsmenntar fræðslusjóðs. Starfsafl setti upp lokaða heimasíðu sem var gagnabanki fyrir vinnuna með fundargerðum o.fl. gögnum.



Skrifað undir samning um Starfsmannaráðgjöf Starfsafls við Skólamat ehf í Keflavík, Fanný Axelsdóttir, framkvæmdastjóri Skólamatar fyrir miðju, Birna V. Jakobsdóttir frá MSS, Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls.

Evrópuverkefni

TAG – Third Age Guidance

Starfsafl hefur tekið þátt í verkefni um ráðgjöf til miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði: TAG verkefnið eða Third Age Guidance. Verkefnið er styrkt af Leonardo starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Markmiðið með verkefninu er styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem hafa litla formlega skólagöngu að baki en þeim mun meiri reynslu af vinnumarkaði. Ekki síst er mikilvægt að aðstoða fólk við koma sér upp færnimöppum þar sem öll færni og reynsla er skráð. Í janúar 2007 heimsótti verkefnishópurinn, 17 manns frá 10 löndum í Evrópu, Starfsafl sem var gestgjafi vinnufundar hópsins. Hópurinn dvaldi í 3 daga í Reykjavík og nágrenni og heimsótti m.a. sérstakt TAG námskeið sem Starfsafl, Námsflokkar Hafnarfjarðar, Hlíf og Vinnumálastofnun gengust fyrir. Evrópuverkefnið kostaði námskeiðið og undirbúning þess.



Nokkrir þátttakenda í vinnufundi TAG verkefnisins að kynna sér TAG námskeið í Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði í jan. 2007 (t.v.). Nemendur og kennarar á námskeiðinu (t.h.).

Í mars sótti framkvæmdastjóri Starfsafls fjölmenna og opna lokaráðstefnu verkefnisins sem haldinn var í Glasgow og hélt þar erindi ásamt að taka þátt í nokkrum vinnuhópum. Í framhaldi af því skrifaði framkvæmdastjóri grein í bók um afurðir verkefnisins (*Guidance and Life: Working and Learning in the Third Age*). TAG verkefnið á Íslandi tengist einnig starfi 50+nefndarinnar á vegum félagsmálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóri hélt m.a. fyrirlestur í nóvember á opnum fundi 50+ nefndar sem var vel sóttur. Verkefninu lauk formlega árið 2007 en áfram er unnið að markmiðum þess í starfi Starfsafls.

Heimasíða og einföldun verkferla

Núverandi framkvæmdastjóri lagði áherslu frá byrjun á uppfærslu heimasíðu Starfsafls með fréttum af starfinu með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni í viku. Það markmið hefur náðst. Afraksturinn getur að líta á www.starfsafl.is Ennfremur voru úthlutunarreglur uppfærðar jafnóðum og komið var fyrir þýðingu á þeim á pólsku til viðbótar ensku útgáfunni sem fyrir var. Þessar útgáfur voru líka uppfærðar reglulega. En betur má ef duga skal. Enn er eitthvað um úrelt efni á heimasíðunni og þarf að taka til og flokka efni á síðunni betur.

Einnig var ýmislegt gert til að einfalda umsóknarferli fyrirtækja t.d. er nú að finna einfalt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki á heimasíðu Starfsafls sem fyrirtæki geta fyllt út og sent rafrænt til Starfsafls. Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir enda hefur umsóknum fyrirtækja fjölgað mikið árið 2007.

Áfram var unnið að samræmingu úthlutunarreglna milli starfsmenntasjóða og flutningur sjóðsréttinda einfaldaður.

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2007

Þann 11. október 2007 hélt stjórn og starfsmenn Starfsafls stefnumótunarfund á Flughóteli Keflavík.

Fjöldi áhugaverðra erinda voru flutt og urðu miklar umræður um stefnu og framtíðarsýn Starfsafls. Niðurstöður má sjá í starfsáætlun Starfsafls hér á eftir.

Helstu niðurstöður urðu þessar:

- Lögð áhersla á Starfsmannaráðgjöf Starfsafls og útfæra það verkefni betur
- Lögð áhersla á nýjar námsleiðir og ljúka þeim sem eru í smíðum
- Lögð áhersla á kynningarmál og kynna þjónustu Starfsafls fyrir fyrirtækjum og einstaklingum (félagsmönnum).
- Lögð minni áhersla á þátttöku í fræðilegum Evrópuverkefnum en þeim mun meiri áhersla á mannaskiptaáætlanir fyrirtækja.

Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun en ágríp af henni fylgir hér á eftir.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2008

1. Starfsmannaráðgjöf Starfsafls.
 - a. Áfram unnið að þróun verkefnis og fleiri fyrirtæki fengin til liðs.
 - b. Samvinna við m.a. Careers Scotland.
2. Kynningarátak
 - a. Heimsóknir í fyrirtæki. Stórauknir möguleikar vegna aukins mannahalds. Samvinna við fræðsluaðila (t.d. Mími, Sæmund fróða o.fl.).
 - b. Greinaskrif í blöðum, koma Starfsafls betur í umræðuna í fjölmiðlum. Greinaskrif beint að meðlimum stéttarfélaga í fréttablöðum.
 - c. Athuga þarf mátt auglýsingar í blöðum og þá í samvinnu við aðra starfsmenntunarsjóði.
3. Nýjar námsleiðir
 - a. Menntun í ferðapjónustu. Framhald á verkefni. Framhaldsverkefni í undirbúningi.
 - b. Menntun í hótél- og veitingageiranum (dyraverðir o.fl.). Meira um sérsniðnar lausnir.
 - c. Öryggisvörður. Nám hefst samkv. námskrá í sept 2008.
 - d. Fiskvinnsla. Skoðað með Eflingu.
 - e. Ræstinganámskrá og framkvæmd hennar.
 - f. Nýliðabjálfun (sbr. 1)
 - i. Í byggingariðnaði.
 - ii. Nýliðabjálfun í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði.
 - iii. Önnur nýliðabjálfun (unnið í samstarfi við sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða símenntunarstöðvar).
4. Hefðbundin verkefni
 - a. Heimsóknir í fyrirtæki með stjórn.
 - b. Ársskýrsla
 - c. Fyrirtækjaumsóknir
5. Önnur verkefni
 - a. TAG – Leonardoverkefnið um styrkari stöðu 50+ hóps á vinnumarkaði (unnið að framkvæmd tillagna), Mannaskiptaverkefni (Leonardo).
 - b. Athugað með rannsóknastyrki til háskólanema í lokaverkefnum.

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2007 – nokkrar lykiltölur

Fjárhagur Starfsafls stendur traustum fótum eins og sjá má í ársreikningum. Árið 2007 var „söfnunarár“ til myndunar höfuðstóls og vaxtatekna í framtíðinni en það ár naut Starfsafl framlaga bæði frá ríkisvaldi og tekna frá starfmenntagjaldi. Engin framlög koma frá ríkinu frá og með árinu 2008. Samið var um í kjarasamningum Flóabandalagsins og SA að starfsmenntagjald myndi aukast frá og með 1. júlí 2008 úr 0,15% í 0,20%. Tekjur af þeirri hækkun ættu að skila sér í september-október 2008.

Tekjur sjóðsins árið 2007 voru 118.211.546 kr, útgjöld (styrkir og rekstur) voru 65.820.664 kr og eigið fé jókst um 64.384.043 kr. Eignir sjóðsins í árslok voru 140.988.830 kr. Árið 2007 var erfitt á fjármálamörkuðum, einkum á síðasta ársfjórðungi. Hlutabréf féllu mikið í verði. Raunávöxtun (nafnávöxtun umfram verðbólgu) fjármagns Starfsafls árið 2007 var um 8,5% sem er töluvert betra en hjá flestum lífeyrissjóðum landsins.

6.2 Rekstraráætlun 2008 – nokkrar lykilstærðir

Áætlaðar tekjur ársins 2008:

- Framlög stéttarféлага	7.000.000 kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,15 – 0,20%	67.913.702 kr
- Aðrir styrkir	8.516.000 kr
- Vaxtatekjur	<u>19.500.000 kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun:	102.929.702 kr

Áætluð útgjöld 2008

- Laun og rekstur	21.505.581 kr
- Einstaklingsstyrkir, 15% aukning	38.859.000 kr
- Verkefnastyrkir, 52% aukning	<u>18.451.363 kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun:	78.816.213 kr

Tekjur umfram gjöld 24.113.490 kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2008 163.928.973 kr

Kostnaður við styrkkronu 2006	0,59 kr
Kostnaður við styrkkronu 2007	0,42 kr
Kostnaður við styrkkronu 2008, áætlun	0,38 kr

Fyrir árið 2008 má því gera ráð fyrir að vaxtatekjur (u.þ.b. 19,5 m.kr.) ættu að duga nokkurn veginn (u.þ.b. 90%) fyrir föstum rekstrargjöldum sem er góð þróun. Þetta er þó háð háu vaxtastigi áfram. Þó er einsýnt að gæta verður ítrasta aðhalds í rekstri jafnframt því sem lögð verður áhersla á að koma verkefnastyrkjum í gagnið hjá fyrirtækjum til að öll meginmarkmið með starfsemi sjóðsins náist. Gangi spár Vinnuálastofnunar eftir um aukið atvinnuleysi, sérstaklega árið 2009, er ljóst að eftirspurn eftir stuðningi sjóðsins mun aukast verulega.